

Nd.

738. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Ástæðan fyrir því að frumvarp þetta er framkomið, er sú, að ekki þykir við það unandi, að kaupmenn geti rekið verslanir sínar í öðrum hreppum en þeir eru búsettir í, allt að 4 mánuðum, án þess að vera skyldir til að greiða aukaútsvar til þess sveitarfélags. Þetta er því óeðlilegra, sem kaupfélög og pöntunarfélög eru gerð gjaldskyld, hafi þau leyst borgarabréf og hafi sölubúð og vörur til sölu, hversu stuttan tíma sem verslunarviðskifti eru rekin. Nú hagar svo til, þar sem sú selstöðuverzlun, sem hjer er sjerstaklega höfð í huga, er rekin svo mánuðum skiftir af gjaldárinu, að á þeim tíma fer fram öll meginverslun sveitarmanna, sem leiðir af því, að fiskiveiðarnar, sem má heita hinn eini atvinnuvegur sveitarinnar, stendur þá yfir.

Þá þykir það óeðlilegt, að ekki sje heimilt, að leggja sveitarútsvar á aðkomandi atvinnurekendur, jafnvel útlenda menn, er t. d. kaupa lifur og stunda lifrarbræðslu í veiðistöðum, sjer til mikils ávinnings; sömuleiðts vjelar-bátaúthöld frá fjarlægum sveitum, sem stunda veiði, þótt skemmri tíma sje en 4 mánuði.

Misrjettið kemur líka skýrt fram, þegar þetta er borið saman við ákvæðið í 37. gr. sveitarstjórnarlaganna, þar sem á aðkomumann, er stundar

báttfiski á útveg annara en þarsveitarmanna, má leggja á útsvar, dvelji hann í veiðistöð sama hrepps samtals 4 vikur.

Ennfremur hafa óskir komið fram um það, að undanskilja innlenda síldveiðamenn aukaútsyri í þeim hreppi, er þeir, sem aðkomumenn, reka veiðiskap í að eins fáa daga, og það án þess, að hafa þar fast aðsetur í landi.

Að því athuguðu, að hjer er um mörg atriði að ræða, sem umbóta þyrftu við, og ef til vill fleiri en hjer eru talin, sjer nefndin í hendi sjer, að mál þetta þarf meiri undirbúning, en unt er, að það fái að þessu sinni. Telur hún eðlilegast, að stjórnin ljeti undirbúa það, og leggja fyrir næsta þing frumvarp um breytingar á sveitarstjórnarlögunum, er innihjeldi þau atriði, sem að framan er bent á, og þær aðrar breytingar, er nauðsynlegar þættu, og vill því að þessu sinni ráða háttv. deild til að afgreiða málið á þann hátt, að vísa því til stjórnarinnar.

Alþingi 4. sept. 1913.

G. Eggerz,
form.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
skrifari og framsögumaður.

Kristinn Daníelsson.

Tryggvi Bjarnason.

Jón Magnússon,
með fyrirvara.